FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Lífeðlisfræði
Námsgrein:	líffræði
Viðfangsefni:	Líffæri og líffeðlisfræði
Skammstöfun:	LÍFF2LF05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum verður farið yfir helstu grundvallaratriði í líffæra- og lífeðlisfræði. Fjallað verður meðal annars um fæðunám, meltingu, öndun, efnaflutning, úrgangslosun, ónæmissvörun, boðflutning, hreyfingu, æxlun, fósturþroska, skynjun, stjórn efnaskipta og samvægi. Hvert einstakt líffærakerfi er tekið fyrir og hliðstæð kerfi borin saman. Fjallað er um heilbrigða starfsemi en einnig algengustu frávik.
Forkröfur:	LÍF2FA05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grunnbyggingu og starfsemi mannslíkamans • helstu líffærum og líffærakerfum og samspili þeirra í viðhaldi á samvægi í líkamanum • heilbrigðri starfsemi en einnig algengustu frávikum • samanburði hliðstæðra kerfa
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • útskýra byggingu og hlutverk helstu líffæri líkamans • tjá sig skriflega um líffærakerfið
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • átta sig á tengslum tveggja eða fleiri líffærakerfa • tjá sig í ræðu og riti um efni á sviði raungreina • gera sér grein fyrir uppbyggingu og starfsemi líkamans
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.